

## REGLUGERÐ

22

23. febr.

### um skemmtanaskatt í Selfosshreppi, Árnassýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Selfosshreppi, og aðgangur er seldur að.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar, og flokkast þannig:

#### I. flokkur.

- a) Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Fyrirlestrar og upplestrar.
- e) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

#### II. flokkur.

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af innangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu og menningarstarfsemi, innan sveitar.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Selfosshrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum hreppsins.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna skrifstofu hreppsins hvar og hvenær skemmtunina á að halda. Afhendir hann eða þeir hreppsnefnd aðgöngumiða, nægilega marga, sem hreppsnefnd stimplar, og skal um leið greiða fjárhæð, sem nemur skemmtanaskattinum af þessum miðum.

Þegar skemmtun er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda á hrepps-skrifstofunni eða löggæzlumanni á skemmtistað alla ónotaða aðgöngumiða, og fær þá endurgreiddan skattinn af þeim.

#### 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skemmtanagjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

22

23. febr.

8. gr.  
Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í hreppssjóð, en féð skal þó varðveita í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar.

Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningum, og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

Fé sjóðsins skal verja til hvers konar menningarstarfsemi í Selfosshreppi svo sem til styrktar heilbrigðri félagsstarfsemi í hreppnum, og til styrktar íþróttalífi og listum.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum. —

Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal fara með sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 23. febrúar 1959.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

---

*Ásgeir Pétursson.*

23

5. marz

## SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 15 18. febr. 1958.

1. gr.

2. gr. 1. mgr. samþykktarinnar orðist svo:

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 8 fyrir hádegi.

2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu, fyrr en kl. 2 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 1 f. h. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 24 e. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við að báðir dagar séu meðtaldir. Greinin helzt óbreytt að öðru leyti.

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara út á Vik eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. Bátum þeim, sem róa austur í Meðallandsbugt, er heimilt að fara austur að Alviðruhamravita og bíða róðrarmarkis þar. Merki þetta skal gefið á sama hátt og við Dyrhólaey. Bátum þessum er skylt að fara minnst 15 sjómílar austur fyrir Alviðruhamravita, áður en þeir byrja að leggja. En þar til ljósmerkið er gefið, skulu allir halda sig innan takmarka þeirra, er hér segir:

Þeir, sem eru á Vikinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með þrem gulum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman.